

# ENDURVINNSLA Á STÁLI Á GRUNDARTANGA, HVALFJARÐARSVETI

## Ákvörðun um matsskyldu

### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð endurvinnsla á stáli á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar að áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun og vistkerfi vegna aukins magns þungmálma, er berast með ryki og áætlað að verði tæp 2 % af því sem starfsleyfi núverandi stóriðju á Grundartanga heimila, verði ekki veruleg. Sama gildir um áætlað aukið magn flúoríðs (0,11%) og brennisteinsdíoxíðs (0,12%) frá því sem starfsleyfi stóriðju á Grundartanga heimilar. Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirliti Vesturlands um að fyrir þurfi að liggja ýtarlegri skýrsla um loftgæði á svæðinu en Skipulagsstofnun telur nægilegt að slík gögn verði lögð fram við vinnslu starfsleyfis.

Skipulagsstofnun telur að með því að flytja út fastan úrgang frá framleiðslunni til endurvinnslu muni förgun hans ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif hér á landi. Skipulagsstofnun bendir á að verði fastur úrgangur ekki fluttur út til endurvinnslu beri að tilkynna að nýju til Skipulagsstofnunar um breytingar á starfseminni. Slík breyting á starfseminni fellur undir tölulið 13 a í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur framkvæmdina ekki samræmast stefnu Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 þar sem hún er fyrirhuguð á athafnasvæði en ekki iðnaðarsvæði. Framkvæmdin er ekki í samræmi við deiliskipulag fyrir vestursvæði iðnaðar- og hafnarsvæðis á Grundartanga sem samþykkt var 10. mars 2009 þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði er afmarkað sem þjónustusvæði í deiliskipulaginu.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að áður en byggingarleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 sem og breyting á deiliskipulagi svæðisins. Skipulagsbreytingarnar eru háðar lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Framkvæmdin er háð byggingarleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. 36. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. júlí 2010.

## INNGANGUR

Pann 10. maí 2010 tilkynnti VSÓ Ráðgjöf, f.h. félags, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 4 a í 2. viðauka laganna, um fyrirhugaða endurvinnslu á stáli, allt að 30.000 tonn á ári, á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hvalfjarðarsveitar, Brunamálastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlitsins.

Umsagnir bárust frá Hvalfjarðarsveit með bréfi dags. 9. júní 2010, Brunamálastofnun með bréfi dags. 18. maí 2010, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 1. júní 2010, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. júní 2010 og Vinnueftirlitnu með bréfi dags. 26. maí 2010. Frekari upplýsingar bárust frá VSÓ Ráðgjöf með bréfi dags. 1. og 16. júní 2010 og tölvupósti.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

### Fyrirhuguð framkvæmd.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að endurvinnna stál sem falli til hér á landi og framleiða aftur úr því stál sem nýtt verði í áliðnaði. Einnig sé tilgangurinn að auka endurnýtingu og bæta meðferð úrgangs á Íslandi í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda.

Fram kemur að verksmiðjan muni fyrst og fremst framleiða straumteina og tindaefni fyrir áliðnaðinn og að gert sé ráð fyrir um 30.000 tonna ársframleiðslu. Hráefni verði um 7.000 tonn af stáli frá álverksmiðjum hér á landi, en einnig 23.000 af brotajárni. Brotajárnið verður af flokkum 1 og 2 en ekki flokki 3 sem samanstandur t.d. af pressuðum bílum og heimilitækum. Fyrir starfseminna verði reist 3.000-4.000 m<sup>2</sup> bygging um 12-14 m á hæð auk skýlis yfir brotajárnsgrýfju. Reiknað sé með 6,5 MW aflþörf og raforka sé til staðar í flutningskerfi að Grundartanga.

Fram kemur að áætluð kælivatnspörf sé um 30 m<sup>3</sup>/tonn við bræðslu á brotamálmi eða 945.000 m<sup>3</sup>/ári sem verði í lokuðu hringrásarkerfi. Í hringrásarkerfinu verði vatnið kælt aftur niður og til þess þurfi um 14 - 15 l/s. Þetta vatnsmagn sé ekki til staðar á Grundartanga miðað við núverandi ástand, en Faxaflóahafnir sf. í samvinnu við Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar séu tilbúnar til að vinna að öflun þessa kælivatns í samvinnu við lóðarhafa þegar formleg ákvörðun lóðarhafa um uppbyggingu liggja fyrir.

Fram kemur að við framleiðsluna verði til um 600 tonn/ári af gjalli og svipað magn af ryki. Hvoru tveggja verði safnað í 25-27 tonna gáma og flutt burt á u.þ.b. tveggja vikna fresti. Skipta þurfi reglulega um fóðringar í ljósbogaofni, sem séu úr hitaþolnum múrsteini og megi reikna með að til falli um 540 tonn á ári. Mögulegt sé að farga fóðringum í kerbrotagryfjum ef leyfi fæst til að nota gryfjur sem fyrir eru á Grundartanga. Að öðrum kosti verði fóðringar sendar til endurvinnslu erlendis.

Fram kemur að algengt sé að hávaði frá bræðsluofni sé á bilinu 118-133 dB(A) en með viðeigandi hávaðavörnum megi minnka hávaðann niður í þau mörk sem gildi fyrir athafnasvæði, sem séu 70 dB(A) við húsvegg.

Fram kemur að áður en afsogsgas og afsogsryk fari í gegnum ryksú sé styrkur ryks 2-5 g/m<sup>3</sup> en miðað sé við að virkni rykhreinsivirkis haldi meðalstyrk ryks í útblæstri innan við 20 mg/m<sup>3</sup>.

Fram kemur að European IPPC Bureau (2009) setji fram upplýsingar um efnainnihald í útblæstri frá endurbraðslu á stáli. Styrkur einstakra efna geti verið á nokkuð breiðu bili og sé það ekki síst háð efnasamsetningu stálsins og brotajárnsins. Því sé ekki hægt að segja nákvæmlega fyrir um efnainnihald afgass frá verksmiðjunni en viðhafa þurfi vöktun til að fylgjast með styrk efna í því. Einhver samlegðaráhrif verði í losun mengandi efna með annarri starfsemi innan þynningarsvæðisins á Grundartanga. Þungmálmar verði að mestu eftir í ryksíubúnaði en hluti þeirra komist í gegnum þær og sé gert ráð fyrir að hámarks heildarlosun á ári miðað við 219 daga framleiðslu geti orðið 19,3 kg/ári. Gert sé ráð fyrir að kolsýrlingur, CO, verði 224,3 t/ári. Með hliðsjón af stærðargráðu þeirrar starfsemi sem sé þegar til staðar á Grundartanga sé það mat framkvæmdaraðila að miðað við að gott eftirlit sé með hreinleika og gæðum hráefnis og að notaður verði hreinsibúnaður sem uppfylli allar gildandi kröfur um hreinsun afgass, þá þurfi ekki að endurskilgreina þynningarsvæði.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé skilgreint sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi Skilmannahrepps 2002-2014 og í tillögu að nýju aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar. Framkvæmdin sé einnig í samræmi við deiliskipulag iðnaðar- og hafnarsvæðis á Grundartanga að öðru leyti en varðar hæð bygginga en fyrir sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar liggja tillaga að breytingu á deiliskipulagi þar sem gert sé ráð fyrir að hámarkshæð bygginga verði 14 m.

Fram kemur að framkvæmdin sé háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð um starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi nr. 785/1999, byggingarleyfi skv. 36. og 43. gr. og framkvæmdaleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Fram kemur það mat framkvæmdaraðila að umhverfisáhrif vegna endurvinnslu á stáli á Grundartanga geti ekki talist umtalsverð í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Brunamálastofnun, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Umhverfisstofnun og Vinnueftirlitið telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Hvalfjarðarsveit telur að verksmiðjan skuli háð mati á umhverfisáhrifum þar sem lögð verði sérstök áhersla á sammögnunaráhrif fyrirhugaðrar starfsemi með núverandi starfsemi á Grundartanga.

**Áhrif á loftgæði.** Í umsögn Hvalfjarðarsveitar er bent á að ekki liggja fyrir tæknileg útfærsla á reykheinsikerfi, en frá verksmiðjunni muni koma flúoríð og brennisteinsdíoxíð og því verði einhver samlegðaráhrif með annarri starfsemi innan þynningarsvæðisins á Grundartanga. Verði lífrænt efni til staðar í ljósbogaofni geti myndast díoxín og fram komi að þungmálmar geti komist í gegnum ryksíur. Því sé ljóst að um aukningu á losun mengandi efna verði að ræða. Mikla áherslu verði að leggja á að varúðarsjónarmiða sé gætt í frekari uppbyggingu á Grundartanga og að náttúran fái að njóta vafans. Það sé ljóst að mengunar frá núverandi verksmiðjum sé farið að gæta í umhverfinu, bæði innan og utan hins skilgreinda þynningarsvæðis.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að áhyggjur Hvalfjarðarsveitar af mengun frá núverandi verksmiðjum sem staðsettar eru innan iðnaðarsvæðisins á Grundartanga virðist snúa að afmörkun núverandi þynningarsvæðis og skilyrðum í þeim starfsleyfum sem eru í gildi á svæðinu. Þau gögn sem liggja fyrir varðandi mögulega mengun frá endurvinnslu á stáli sýna fram á að umfang þeirrar mengunar er mjög

óverulegt miðað við þann rekstur sem þegar er innan iðnaðarsvæðisins. Það er mat framkvæmdaraðila að mat á umhverfisáhrifum skv. IV. kafla laga nr. 106/2000 muni ekki koma fram með nýjar upplýsingar eða breyta þeirri megin niðurstöðu að starfsemi vegna endurvinnslu á stáli sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Í því sambandi beri að líta til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er bent á að sé tekið mið af magni mengunarefna sem koma frá starfsemi Norðuráls og Elkem á Íslandi muni stálbræðslan hafa óveruleg áhrif á það. Hins vegar sé ekki gefin nægilega góð mynd af því hverjir hinir nýju mengunarvaldar verði og í hve miklu mæli þungmálmar kunni að mælast í andrúmslofti. Bent er á að önnur ný starfsemi á svæðinu geti hugsanlega orðið fyrir mengun frá stálbræðslunni, sem ekki hafi verið gert ráð fyrir þegar sú starfsemi var undirbúin. Í ljósi þessa sé brýnt að fyrir liggja ýtarlegri skýrsla um loftgæði áður en hægt sé að meta hvort umrædd starfsemi skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Ekki sé ljóst af framlögðum gögnum hvort breyta þurfi eða stækka þynningarsvæði á Grundartanga.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þar sem efnasamsetning hráefnis verði breytileg sé ekki hægt að segja nákvæmlega fyrir um efnainnihald afgang frá verksmiðjunni. Þungmálmar setjast á rykagnir og eru síaðir úr afganginu. Ryk í útblæstri frá verksmiðjunni og efnasamsetning þess verði vaktað.

Miðað við starfsleyfi fyrir álver Norðuráls og kísiljárnverksmiðju Elkem sé gert ráð fyrir að losun út í andrúmsloftið frá fyrirtækjunum geti orðið 125-150 tonn á ári af flúoríði, 1010-1060 tonn á ári af ryki og 10.950-12.000 tonn á ári af brennisteinsdíoxíði. Viðbót vegna 30.000 tonna endurvinnslu á stáli, samkvæmt European IPPC Bureau, gæti orðið 0,175 tonn af flúoríði, 17,5 tonn af ryki og 14,9 tonn af brennisteinsdíoxíði. Það er því mat framkvæmdaraðila að aukning mengunarefna vegna endurvinnslu á 30.000 tonnum af stáli sé óveruleg í þessu samhengi.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er tekið undir með framkvæmdaaðila um að gæta þurfi vel að hreinsun á afgangi, sérstaklega styrk ryks í útblæstri. Að mati stofnunarinnar þurfi bæði að hafa taumhald á hæstu skammtímagildum og langtímagildum. Stofnunin telji einnig æskilegt að áður en málið verði endanlega afgreitt af hálfu Skipulagsstofnunar liggja fyrir viljayfirlýsing frá öðrum rekstraraðilum á Grundartanga um samstarf um umhverfissvöxtun á Grundartangarsvæði eins og stefnt sé að samkvæmt fyrirspurn um matsskyldu.

**Áhrif á vatnsból.** Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur að starfsemin muni hafa þó nokkur og markandi áhrif á fyrirliggjandi starfsemi á Grundartanga, þótt hún muni rúmast innan þeirra marka sem sett hafi verið með aðalskipulagi Skilmannahrepps og tillögu að aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar. Mest áhrif verði vegna notkunar á um 15 l/sek af (neyslu)vatni sem kælivatn, en það vatn sé ekki til staðar á svæðinu. Bent sé á að vatnsveita í eigu Hvalfjarðarsveitar og Faxaflóahafna þjóni fleirum en á Grundartangarsvæðinu. Því gæti öll röskun á vatnsveitufamkvæmdum haft áhrif langt út fyrir svæðið s.s. í Melahverfi. Heilbrigðiseftirlitið telur að notkun neysluvatns til kælingar sé soun á auðlindum og að kanna þurfi hvort ekki séu til aðrar leiðir til kælingar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann er meðvitaður um að umrætt magn kælivatns er ekki tiltækt eins og er, en vísar í bréf frá Faxaflóahöfnum dags. 16. febrúar 2010 þar sem fram kemur vilji til samvinnu við öflun kælivatns. Fyrir liggja að

mögulegt sé að virkja vatn fyrir svæðið. Ekki sé þörf á að nota vatn með neysluvatnsgæði sem kælivatn og sé verið að skoða þann kost að nýta yfirborðsvatn. Ekki sé ætlunin að ganga á neysluvatnslindir sveitarfélagsins á kostnað íbúa. Að nota sjó til kælingar sé ekki valkostur vegna tæringarhættu og of kostnaðarsamt að nota efni sem þolir sjó sem kælimiðil.

**Úrgangur.** Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að þar sem framkvæmdaraðili þurfi mögulega bæði að flytja úrgang inn og út úr landinu sé áréttað að um slíka starfsemi gilda ýmsar reglur, svo sem Baselsamningurinn um flutning og förgun spilliefna og að slíkar leyfisveitingar eru með öllu óháðar veitingu starfsleyfis. Umhverfisstofnun telji að teknu tilliti til ofangreindra sjónarmiða muni framkvæmdin líklega ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að varðandi vöktun reikni hann með samstarfi við aðra aðila sem þegar eru með starfsemi á svæðinu, eftir því sem við á og kveðið verður á um í starfsleyfi.

**Efnaöryggi.** Í umsögn Brunamálastofnunar er bent á að í tilkynningunni komi fram að notaðir verði 750.000 m<sup>3</sup> af súrefni á ári vegna starfseminnar. Geymsla á slíku magni á lóðinni og flutningur á því að verksmiðjunni kunnir að kalla á sértækar ráðstafanir af hálfu slökkviliðs bæði innan og utan lóðar fyrirtækisins og verði að gera ítarlega grein fyrir slíku í matsskýrslu/áhættumati. Mannvirki yfir slíka starfsemi eins og þeim er lýst í greinargerðinni kalli einnig á brunahönnun þeirra og starfseminnar og sé einnig í þessu sambandi bent á ákvæði í 22. gr. brunamálalaga.

Í umsögn Vinnueftirlitsins er bent á að fyrirtækinu beri að sækja um starfsleyfi til þess skv. 95. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ekki sé líklegt að efni sem geymd verði á svæðinu verði í því magni að þau falli undir reglugerð nr. 160/2007 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, en bent á að fari magn af súrefni í geymslu á verksmiðjusvæðinu yfir 200 tonn þá falli það undir ákvæði reglugerðarinnar. Önnur hráefni verksmiðjunnar falli ekki undir reglugerðina.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að árleg notkun á súrefni verði um 750 þús m<sup>3</sup>, sem samsvari um 1.050 tonn af fljótandi súrefni. Vikuleg notkun á súrefni verði því um 20 tonn. Reikna megi með að heildarbirgðir af súrefni á svæðinu hverju sinni verði á bilinu 10 – 40 tonn. Það magn sé vel innan þeirra viðmiðunarmarka sem sett séu í reglugerð nr. 160/2007 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu verksmiðju til endurvinnslu á stáli á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 6 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Gert er ráð fyrir að hráefni verði um 7.000 tonn af stáli frá álverksmiðjum hér á landi en einnig 23.000 tonn af brotajárni. Framleiðsla verði fyrst og fremst straumteinar og tindaefni fyrir áliðnaðinn og verði um 30 þúsund tonn á ári. Áætlað er að kælivatnspörf verði að lágmarki um 14 - 15 l/s, ekki liggur fyrir hvernig þess verði aflað en talið mögulegt að nota yfirborðsvatn. Úrgangur sem fellur til við framleiðsluna er áætlað að verði um 600 tonn af gjalli á ári og svipað magn af ryki auk um 540 tonna af fódringum úr ljósboagaofni. Gert er ráð fyrir að rykhreinsivirki

haldi meðalstyrk ryks í útblæstri innan við 20 mg/m<sup>3</sup>. Styrkur einstakra efna í útblæstri geti verið á nokkuð breiðu bili, háð efnasamsetningu stálsins og brotajárnsins. Losun efna út í andrúmsloftið gæti orðið um 0,175 tonn af flúoríði, 17,5 tonn af ryki og 14,9 tonn af brennisteinsdíoxíði miðað við upplýsingar frá European IPPC Bureau (2009). Miðað við losun frá álveri Norðuráls og kísiljárnverksmiðju Elkem samkvæmt starfsleyfum sé um að ræða óverulega aukningu í losun í andrúmsloftið. Hámarks heildarlosun þungmálma miðað við 219 daga framleiðslu geti orðið um 19,3 kg/ári.

Skipulagsstofnun telur að nokkur óvissa sé um hvernig kælivatnsþörf stálbræðslunnar verði leyst og því liggja umhverfisáhrif af öflun kælivatns ekki fyrir, né hugsanleg áhrif af förgun þess. Það fer eftir umfangi vatnsveitu hvort hún mun falla ein og sér undir lög um mat á umhverfisáhrifum en ný vatnsveita kallar á málsmeðferð skv. skipulag- og byggingarlögum.

Skipulagsstofnun telur í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar að áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun og vistkerfi vegna aukins magns þungmálma, er berast með ryki og áætlað að verði tæp 2 % af því sem starfsleyfi núverandi stóriðju á Grundartanga heimila, verði ekki veruleg. Sama gildir um áætlað aukið magn flúoríðs (0,11%) og brennisteinsdíoxíðs (0,12%) frá því sem starfsleyfi stóriðju á Grundartanga heimilar. Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirliti Vesturlands um að fyrir þurfi að liggja ýtarlegri skýrsla um loftgæði á svæðinu en Skipulagsstofnun telur nægilegt að slík gögn verði lögð fram við vinnslu starfsleyfis.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um óvissu um áhrif af loftmengun frá stálbræðslunni á aðra starfsemi á athafnasvæðinu.

Skipulagsstofnun telur að með því að flytja út fastan úrgang frá framleiðslunni til endurvinnslu muni förgun hans ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif hér á landi. Skipulagsstofnun bendir á að verði fastur úrgangur ekki fluttur út til endurvinnslu beri að tilkynna að nýju til Skipulagsstofnunar um breytingar á starfseminni. Slík breyting á starfseminni fellur undir tölulíð 13 a, þ.e. allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að geymsla á súrefni, 10-40 tonn á hverjum tíma, falli ekki undir reglugerð nr. 160/2007 (viðmiðunarmörk > 200 tonn) eða önnur hráefni verksmiðjunnar. Hins vegar er tekið undir ábendingu Brunamálastofnunar um að meta þurfi áhættu starfseminnar og hanna brunavarnir í samráði við stofnunina.

Skipulagsstofnun telur í ljósi þess að ekki liggja fyrir drög að starfsleyfi Umhverfisstofnunar, meðal annars um umhverfissvöktun, geti Skipulagsstofnun ekki krafist þess að fyrir liggi viljayfirlýsing frá öðrum rekstraraðilum á Grundartanga um samstarf um umhverfissvöktun. Skipulagsstofnun telur engu að síður nauðsynlegt að fyrirhuguð verksmiðja sem ætlað er að endurvinnna stál taki fullan þátt í því samstarfi sem er á svæðinu með tilheyrandi upplýsingaskyldu til eftirlitsaðila.

Skipulagsstofnun bendir á að í greinargerð og umhverfisskýrslu aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar sem staðfest var af umhverfisráðherra 19. maí 2010 kemur ekki fram að mengun sé farin að rýra landgæði utan þynningarsvæðis líkt og fullyrt er í umsögn sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar um framkvæmdina. Að mati Skipulagsstofnunar hefði verið æskilegt að endurmeta samlegðaráhrif mengunar frá núverandi iðnaði við endurskoðun aðalskipulagsins og í breyttu aðalskipulagi hefði

komið fram hvort og þá hversu mikið rými væri fyrir frekari loftmengandi starfsemi á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu VSÓ Ráðgjafar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð VSÓ Ráðgjafar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð endurvinnsla á stáli á Grundartanga muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur framkvæmdina ekki samræmast stefnu Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 þar sem hún er fyrirhuguð á athafnasvæði en ekki iðnaðarsvæði. Framkvæmdin er ekki í samræmi við deiliskipulag fyrir vestursvæði iðnaðar- og hafnarsvæðis á Grundartanga sem samþykkt var 10. mars 2009 þar sem fyrirhuguð framkvæmdasvæði er afmarkað sem þjónustusvæði í deiliskipulaginu.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að áður en byggingarleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 sem og breyting á deiliskipulagi svæðisins. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða. Framkvæmdin er háð byggingarleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. 36. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

Skipulags  
stofnun